FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

425. fundur

Miðvikudaginn 13. maí 2026 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

Mætt voru:
Kristín Thorarensen (KT) Lovísa Jónsdóttir (LJ), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB). Magnús Örn Guðmundsson (MÖG).
Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) og Sigurborg Þórarinsdóttir (SÞ) Sem ritaði fundargerð

Tekið fyrir:

1. Árshlutauppgjör
2. Nýtt félag- eignamat og staðan

1. Árshlutauppgjör janúar til mars

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á árshlutuppgjöri fyrir janúar til mars. Stýrihópurinn um rekstur almenningssamganga hefur fjallað um greiðslu framlaga vegna ársins 2025, en skv. samkomulagi er gert ráð fyrir að framlög standi undir rekstri almenningsamgangna og umframgreiðsla framlaga verði endurgreidd. Niðurstaða stýrihóps liggur ekki fyrir. Árshlutauppgjörð verður lagt fyrir næsta stjórnarfund.

2. Nýtt félag- eignamat og staðan

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á verkefndum tengdum stofnun nýs félags um almenningssamgöngur. Helstu verkefni eru að klára eignamat og hvernig högun straeto.is er verður þar til nýtt félag hefur markað sína sýn. Varðandi eignamat vill stjórn ítreka að beitt sé viðurkenndri aðferðarfræði við verðmat eigna sem flytjast til ASHB og að það sé framkvæmt af óháðum sérfræðingi, sem aðilar koma sér saman um. Mikilvægt er að útreikningar séu kláraðir hratt og rétt með fagmennsku að leiðarljósi. Áður en ákvörðun um lén verður tekin ítrekar stjórn Strætó að framkvæmt sé áhættumat og þarfagreining á áhrifum þess að nýtt félag taki yfir lén Strætó og það mat verði lagt fyrir stjórn Strætó.

Fundi slitið 08:30

Fylgiskjöl:

_____	_____
Alexandra Briem	Hrannar Bragi Eyjólfsson
_____	_____
Andri Steinn Hilmarsson	Kristín Thorarensen.
_____	_____
Örvar Jóhannsson	Magnús Örn Guðmundsson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Farið yfir árshlutauppgjörið – Stýrihópurinn ekki búinn að samþykkja þannig að er hægt ekki að klára þetta mál í dag. EF þetta er samþykkt af hálfu stjórnar þá er reikningurinn tilbúinn til undirritunar. Ekki hægt að klára í dag. Jóhannes upplýsti um stöðuna, en náðist því miður ekki að klára. Stefnt á að klára á næsta fund. Höfum út mánuðinn.

Nýtt félag: Nýtt félag vill fá lén Strætó, flækjur varðandi það er eru t.d. margir með Strætó user, nýtt félag þyrfti að greiða . þurfum að sjá hvað kemur út úr þeirra vinnu áður en það er tekin ákvörðun um þetta. Fjallað var um málefni varðandi lén, stjórn telur ekki tímabært að láta það eftir, telur að það þurfi ítarlegri vinnu við að kanna þetta með tilliti til tímalínu og kostnaðar.

Eignarmatið, leggja til bókfært virði og eru með fordæmi eins og Landsvirkjun og Rarik. Við viljum að það sé notuð viðurkennd aðferðarfræði. Okkar ráðgjafar vilja nota kostnaðarnálgun sem er viðurkennd aðferðarfræði. Farið var yfir drög frá KPMG sem hafa sett fram tvær sviðsmyndir. JR leegur til að þessi aðferðarfræði verði notuð og komumst að verði sem báðir aðilar séu sáttir. Er það mat lögmanna að þessi útreikningur á markaðsvirði sé samþykktur? Advel vill fá sérfræðing til að meta eignirnar. Stjórn vill að þetta sé gert á réttan og löglegan hátt. **Bóka: Við viljum að beitt sé viðurkenndri aðferðarfræði af óháðum sérfræðingi**. Jóhannes svarar málinu. Fá álit frá Grant Thorton á úreldingarstuðul. **Stjórn strætó telur afar mikilvægt að útreikningar séu kláraðir hratt og vel og séu byggðir á óháðum sérfræðingum.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026